



Heilsa og líðan barna í Kópavogi

- MÆLABORÐ -

Vísitala barnvænna sveitarfélaga

Vísitala barnvænna sveitarfélaga er vísitala sem mælir lífsgæði barna í Kópavogsbæ.

Vísitala barnvænna sveitarfélaga byggir á fimm víddum sem allar vísa til grunnstoða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þær eru 2. greinin sem fjallar um jafnræði og enga mismunun, 3. greinin sem fjallar um að við gerum ávallt það sem er barni fyrir bestu, 6. greinin sem fjallar um rétt barns til að lifa og þroskast og 12. greinin sem fjallar um rétt barns til að tjá sig.

Víddirnar fimm í vísitölu barnvænna sveitarfélaga eru:

1. Menntun
2. Jafnræði
3. Heilsa & vellíðan
4. Öryggi & vernd
5. Samfélagsleg þátttaka

Í hverri vídd eru fjórir undirþættir að undanskilinni jafnræðisvíddinni sem einungis hefur tvo undirþætti:

Menntun	Jafnræði	Heilsa og vellíðan	Öryggi og vernd	Samfélagsleg þátttaka
Skólastarf	Fjárhagsþröng	Almenn vellíðan	Einelti og slys	Verkefni utan skóla
Þátttaka í skóla		Geðheilbrigði	Samvera fjölskyldu	Almenn þátttaka
Vellíðan í skóla	Félagslegt jafnræði	Líkamleg heilsa	Áhættuhegðun	Félagslíf
Vinnuaðstaða		Forvarnir	Ofbeldi og vanræksla	Samfélagsmiðlar og tölvuleikir

Tafla 1: Þættir hvernar víddar í vísitölu barnvænna sveitarfélaga.

Vísitalan samanstendur af 83 einstökum mælikvörðum. Hinsvegar eru 90 mælikvarðar í mælaborðinu en þar af eru 7 mælikvarðar sundurliðaðir eftir kynjum. Í hverjum þætti eru allt að 9 mælikvarðar. Til að gefa betra yfirlit yfir líðan barna voru reiknaðar samsettar vísitölur fyrir þætti, víddir og allt mælaborðið. Samsett vísitala er meðaltalstala allra vísa sem tilheyra vísitölnni.

Mælikvarðarnir sjálfir geta staðið sjálfstætt og gefa upplýsingar um líðan og stöðu barna en samsettar vísitölur gefa yfirsýn og sýna þróun.

Aðferðafræði við val mælikvarða:

Gögn um heilsu og líðan ungmenna hefur verið safnað á Íslandi á hverju ári frá árinu 1992. Gögnin hafa nýst í forvarnarstarfi, m.a. til að draga úr áhættuhegðun meðal ungmenna s.s. reykingum og drykkju. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi og önnur tiltæk gögn fyrir börn eru notuð til að mynda samsetta vísitölu og sett fram í mælaborði sem fylgist með lífsgæðum barna í sveitarfélaginu.

Við gerð vísitölu barnvænna sveitarfélaga í Kópavogi voru ópersónuleg, aðgengileg gögn skoðuð markvisst og mælikvarðar metnir út frá því hvort þeir væru lýsandi fyrir þær víddir sem mynda mælaborðið. Vinnan við mælaborðið leiddi í ljós skort á gögnum fyrir yngstu aldurshópanna. Reynt var eftir megni að bæta aldursdreifingu í mælaborðinu. Gagnamagn fyrir „jafnræðis“ víddina var



einnig takmarkað og því var stofnaður þverfaglegur hópur til að ræða möguleika á nýjum mælikvörðum; þrjú mælikvarðar voru hannaðir í samvinnu við velferðarsvið Kópavogs og að auki hannaði Hagstofa Íslands sex nýja mælikvarða.

Gögnin sem byggja upp mælaborðið og vísitöluna eru ýmist hlutlæg, t.d. úr tölfræðilegum skýrslum, eða huglæg og þá úr könnunum þar sem byggt er á svörum barna og foreldra ungra barna.

Gagnaveitendur

Gögnin komu frá sex stofnunum:

1. **Rannsókn og greining (R&G):** R&G framkvæmir kannanir hjá ungmönnum á aldursbilinu 10 til 20 ára. Kannanirnar eru ólíkar eftir aldurshópum. Kannanirnar fara fram í skólum sveitarfélagsins á skólatíma annað hvert ár fyrir hvern aldurshóp. Öll börn í skóla á þeim degi sem könnunin fer fram taka þátt nema ekki liggi fyrir upplýst samþykki foreldra.
2. **Skólavogin:** Skólavogin framkvæmir kannanir á meðal barna á aldrinum 11 til 16 ára sem og hjá foreldrum barna í leikskólum og í grunnskólum. Skólavogin framkvæmir kannanir sínar mánaðarlega yfir allt skólaárið og ná þannig til nánast allra skólabarna en yfir lengri tíma.
3. **Hagstofa Íslands:** Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu. Hagstofa Íslands safnar tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag, vinnur úr þeim og miðlar til notenda.
4. **Heilsa og líf skjör skólanema á Íslandi (HBSC):** HBSC framkvæmir kannanir á milli landa í þeim tilgangi að fá innsýn inn í líðan ungs fólks, hegðun og félagslega þætti. HBSC er gerð á fjögurra ára fresti og unnin í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina - svæðisskrifstofuna fyrir Evrópu.
5. **Embætti landlæknis:** Embætti landlæknis safnar m.a. og vinnur úr gögnum um heilbrigði og heilbrigðisþjónustu á Íslandi.
6. **Gögn innanhús:** Kópavogur heldur úti vöruhúsi gagna þar sem ýmsum gögnum sviða sveitarfélagsins er safnað sem og önnur gögn er viðkoma íbúum Kópavogs. Öll gögnin sem nýtt eru í mælaborðið eru ekki persónugreinanleg – eingöngu tölfræðileg gögn eru nýtt sem gefa heildarmynd.

Úrvinnsla gagna

Til að búa til vísitöluna voru allir vísar staðlaðir á skalanum 0-100 með min-max aðferðinni, þar sem versta gildið er 0 og besta 100. Áður en hægt er að notast við min-max aðferðina til að skala mæligildi hvers vísis þarf að skilgreina hvort min eða max sé betra.

Vísirinn „Hlutfall barna sem geta einbeitt sér að námsefninu í tímum“ er jákvæður og besta gildið er því 100 (max) þar sem því hærra hlutfall barna sem geta einbeitt sér að námsefninu í tímum þeim mun betra. Vísirinn „Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust“ er neikvæður og besta gildið er 0 (min) þar sem því lægra hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust þeim mun betra.

Þetta hefur verið forritað í Nightingale, gagnahugbúnað sem þróaður er af upplýsingatæknideild Kópavogsbæjar sem staðlar vísana og reiknar samsettu vísitölurnar. Á mynd 1 má sjá vísinn fyrir „Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust“ þar sem lágmarksgildið er 0 (min) og hámarksgildið er 100 (max) og betra gildi er skilgreint sem lágmarksgildið (min).



Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust (14 til 16 ára)



Nafn Percentage of girls that feel their study is pointless (14 to 16 yr)	Staðbundið nafn Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust (14 til 16 ára)	
Lýsing The percentage of girls that feel their study is pointless shall be calculated as the total number of children who answer "often applies to me" or "almost always applies to me" to the question "How do you feel the statements apply to you? I feel the study is pointless" (numerator) divided by the total number of children who answer the question (denominator). The result shall then be multiplied by 100 and expressed as a percentage. Information gathered from a report by ICSRA that conducted a public health survey of children aged 13 to 16. In the report the proportion of boys and girls in grades 9 to 10 can be found who consider education meaningless. The percentages of the girls are reported here. The children could answer "almost always applies to me", "often applies to me", "sometimes applies to me", "rarely applies to me", "almost never applies to me".	Staðbundin lýsing Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "á oft við um mig" eða "á nær alltaf við um mig" spurningunni "Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við um þig? Mér finnst námið tilgangslaust" (teljari) deilt með heildarfjölda stúlkna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna hlutfall barna í 9. til 10. bekk sem telja námið tilgangslaust fyrir stelpur og stráka. Prósentuhlutfall stúlkna má finna hér. Svarmöguleikar voru "Á nær alltaf við um mig", "Á oft við um mig", "Á stundum við um mig", "Á sjaldan við um mig", "Á nær aldrei við mig".	
Min Tegund mælingar CFC	Max 100 Viðhald Updated in MÆLKÓ	Betra gildi Min AD Hópur

Mynd 1: Skjáskot af vísu í Nightingale með gildum fyrir min og max sem og skilgreiningu á hvort min eða max sé betra gildið.

Vegið gildi herrar mælingar í hverjum vísu er reiknað með min-max aðferðinni út frá besta gildinu.

Reikningsformúlan þar sem max er skilgreint sem besta gildið er, þar sem x_i er skalaða gildið og x hrágildið:

$$x_i = 100 * \left(\frac{x - \min(x)}{\max(x) - \min(x)} \right)$$

Reikningsformúlan þar sem min er skilgreint sem besta gildið, þar sem x_i er skalaða gildið og x hrágildið:

$$x_i = 100 * \left(\frac{\max(x) - x}{\max(x) - \min(x)} \right)$$

Vísitala barnvænna sveitarfélaga er svo reiknað sem meðaltal sköluðu gilda vísanna sem hver um sig vegur jafnt að undanskildum sjö vísu sem voru sundurliðaðir eftir kyni. Þeir vísar sem voru sundurliðaðir eftir kyni vega saman fyrir bæði kynin sem einn.

Mælaborð barna:

Hér fyrir neðan má sjá alla vísa mælaborðsins, fyrir hvað þeir standa, frá hvaða gagnaveitum þeir koma, aldurshópa þeirra barna sem vísirinn fjallar um auk upplýsinga um úrvinnslu gagnanna og hvort min eða max sé betra gildið.

Fyrir frekari upplýsingar

Er varðar mælaborð og úrvinnslu gagna:

Anna Elísabet Ólafsdóttir, annao@kopavogur.is

Jakob Sindri Þórsson, jakobs@kopavogur.is

Er varðar Nightingale:

Ingimar Þór Friðriksson, ingimar@kopavogur.is



Menntun				
Skólastarf				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall barna sem geta einbeitt sér að námsefninu í tímum	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem geta einbeitt sér að námsefninu í tímum skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "alveg" og "eiginlega alveg" spurningunni "Alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hve vel börn í 6. til 10. bekk gátu einbeitt sér að námsefninu í kennslustundum. Svarmöguleikar voru "(get) alveg", "eiginlega alveg", "nokkurn veginn", "eiginlega ekki" og "ekki". Samtekin voru svörin "alveg" og "eiginlega alveg".	100
Hlutfall barna sem treysta sér til að skipuleggja nám sitt	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem treysta sér til að skipuleggja nám sitt skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "alveg" og "get alveg" spurningunni "Skipulagt námið mitt" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hve vel börnum í 6. til 10. bekk gekk að skipuleggja námið sitt. Svarmöguleikar voru "(get) alveg", "eiginlega alveg", "nokkurn veginn", "eiginlega ekki" og "ekki". Samtekin voru svörin "alveg" og "eiginlega alveg".	100
Hlutfall stráka sem finnst námið tilgangslaust	R&G	14 til 16 ára	Hlutfall stráka sem finnst námið tilgangslaust skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "á oft við um mig" eða "á nær alltaf við um mig" spurningunni "Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við um þig? Mér finnst námið tilgangslaust" (teljari) deilt með heildarfjölda stráka sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna hlutfall barna í 9. til 10. bekk sem telja námið tilgangslaust fyrir stelpur og stráka. Prósentuhlutfall stráka má finna hér. Svarmöguleikar voru "Á nær alltaf við um mig", "Á oft við um mig", "Á stundum við um mig", "Á sjaldan við um mig", "Á nær aldrei við mig".	0
Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust	R&G	14 til 16 ára	Hlutfall stúlkna sem finnst námið tilgangslaust skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "á oft við um mig" eða "á nær alltaf við um mig" spurningunni "Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við um þig? Mér finnst námið tilgangslaust" (teljari) deilt með heildarfjölda stúlkna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna hlutfall barna í 9. til 10. bekk sem telja námið tilgangslaust fyrir stelpur og stráka. Prósentuhlutfall stúlkna má finna hér. Svarmöguleikar voru "Á nær alltaf við um mig", "Á oft við um mig", "Á stundum við um mig", "Á sjaldan við um mig", "Á nær aldrei við mig".	0
Brottfallshlutfall stráka úr framhaldsskóla	Hagstofa Íslands	16 til 20 ára	Brottfallshlutfall stráka úr framhaldsskóla skal reiknað sem heildarfjöldi þeirra stráka sem hafa ekki lokið námi og eru ekki skráðir í skóla á framhaldsskólastigi (teljari) deilt með heildarfjölda stráka sem fjórum árum áður höfðu skráð sig í dagskóla á framhaldsskólastigi (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Sökum tímaramma mælingarinnar er skráningarár fjórum árum frá nýnemaskráningu, þannig er skráning fyrir árið 2017 unnin úr nýnemaskráningu frá árinu 2013. Taldir eru nýnemar í dagskóla á framhaldsskólastigi, þ.e. þeir sem eru í fyrsta skipti skráðir í nám á þessu skólastigi í	0



			nemendaskrá Hagstofu Íslands frá upphafi hennar árið 1975 og eru búsettir í Kópavogi. Þessum hópi nýnema er fylgt eftir í fjögur ár og talinn fjöldi þeirra sem hafa lokið prófi eftir a.m.k. tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Enn í námi á við þá sem enn stunda nám í dagskóla, kvöldskóla og í fjarnámi á framhaldsskólastigi eða háskólastigi á Íslandi en hafa ekki brautskráðst.	
Brottfallshlutfall stúlkna úr framhaldsskóla	Hagstofa Íslands	16 til 20 ára	Brottfallshlutfall stúlkna úr framhaldsskóla skal reiknað sem heildarfjöldi þeirra stúlkna sem hafa ekki lokið námi og eru ekki skráðar í skóla á framhaldsskólastigi (teljari) deilt með heildarfjölda stúlkna sem fjórum árum áður höfðu skráð sig í dagskóla á framhaldsskólastigi (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Sökum tímaramma mælingarinnar er skráningarár fjórum árum frá nýnemaskráningu, þannig er skráning fyrir árið 2017 unnin úr nýnemaskráningu frá árinu 2013. Taldir eru nýnemar í dagskóla á framhaldsskólastigi, þ.e. þeir sem eru í fyrsta skipti skráðir í nám á þessu skólastigi í nemendaskrá Hagstofu Íslands frá upphafi hennar árið 1975 og eru búsettir í Kópavogi. Þessum hópi nýnema er fylgt eftir í fjögur ár og talinn fjöldi þeirra sem hafa lokið prófi eftir a.m.k. tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Enn í námi á við þá sem enn stunda nám í dagskóla, kvöldskóla og í fjarnámi á framhaldsskólastigi eða háskólastigi á Íslandi en hafa ekki brautskráðst.	0
Hlutfall barna sem hafa ekki skráð sig í starfs- eða bóknám að loknum grunnskóla	Hagstofa Íslands	16 ára	Hlutfall barna sem hafa ekki skráð sig í starfs- eða bóknám að loknum grunnskóla skal reiknað sem heildarfjöldi þeirra barna sem hafa ekki skráð sig í almennt bóknám eða starfsnám á tilteknu ári (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem hafa lokið grunnskólagöngu á tilteknu ári (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Gögn fengin úr nemendaskrá og grunnskólatölum Hagstofu Íslands.	0
Þátttaka í skóla				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall barna sem telur sig fá tækifæri til að hafa áhrif á kennslustundir eða aðra skólafarsemi	Könnun framkvæmd af sveitarfélagi	10 til 16 ára	Hlutfall barna sem telur sig fá tækifæri til að hafa áhrif á kennslustundir eða aðra skólafarsemi skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara játandi spurningunni "Færðu tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er í skólanum þínum, t.d. í kennslustundum eða viðburðum á vegum skólans" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Sérkönnun lögð fyrir börn í Kópavogi. Svarmöguleikar voru já og nei.	100
Hlutfall barna sem ræða saman um	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem ræða saman um námsefnið í tímum skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "í flestum tímum" og "í öllum tímum" spurningunni "Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér? Nemendur ræða saman um námsefnið" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun	100



námsefnið í tímum			Skólavogarinna má finna svar við því hve oft börn í 6. til 10. bekk fengu tækifæri til að ræða saman um námsefnið. Svarmöguleikar voru "í öllum tímum", "í flestum tímum", "í sumum tímum", "aldrei eða næstum aldrei".	
Hlutfall barna sem fær tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar í kennslustund	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem fær tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar í kennslustund skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara „í öllum tímum“ og „í flestum tímum“ spurningunni "Hve oft gerist í kennslutímum hjá þér? Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinna má finna svar við því hve oft börn í 6. til 10. bekk fengu tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar. Svarmöguleikar voru „í öllum tímum“, „í flestum tímum“, „í sumum tímum“ og „aldrei eða næstum aldrei“.	100
Velliðan í skóla				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall barna sem finnst þau vera jafn mikils virði og aðrir	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem finnst þau vera jafn mikils virði og aðrir skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "mjög sammála" og "sammála" spurningunni "Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinna má finna svar við því hvaða álit börn í 6. til 10. bekk hafa á eigin sjálfsvirði. Spurt var hve sammála eða ósammála börn voru fullyrðingum. Svarmöguleikar voru "mjög sammála", "sammála", "ósammála", "mjög ósammála".	100
Hlutfall barna sem finnst þau ekki skipta neinu máli fyrir aðra	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem finnst þau ekki skipta neinu máli fyrir aðra skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "mjög sammála" og "sammála" spurningunni "mér finnst ég ekki skipta neinu máli fyrir aðra" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinna má finna svar við því hvaða álit börn í 6. til 10. bekk hafa á því hvort þau skipti máli fyrir aðra. Spurt var hve sammála eða ósammála börn voru fullyrðingum. Svarmöguleikar voru "mjög sammála", "sammála", "ósammála", "mjög ósammála".	0
Hlutfall barna sem verða fyrir miklu álagi vegna námsins	HBSC ¹	16 ára	Hlutfall barna sem verða fyrir miklu álagi vegna námsins skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "miklu" spurningunni "hversu miklu álagi verður fyrir þú fyrir vegna skólanámsins" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Rannsóknin Heilsa og lífsskjör skólanema spurði um ýmsa þætti er varðar heilsu og heilsutengda hegðun ungs fólks. Svarmöguleikar voru "engu", "litlu", "nokkru", "miklu".	0
Hlutfall barna sem líður illa í skóla	R&G	14 til 16 ára	Hlutfall barna sem líður illa í skóla skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "á nær alltaf við um mig", "á oft við um mig" og "á stundum við um mig" spurningunni "mér líður illa í skólanum" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna svar barna í 8., 9. og 10. bekk. Niðurstöður voru	0

¹ Heilsa og lífsskjör skólanema (e. The study of Health Behaviour in Schoolaged Children)



			teknar saman fyrir mælaborð þar sem gögn voru ekki gerð aðgengileg í skýrslu. Svarmöguleikar voru "á nær alltaf við um mig", "á oft við um mig", "á stundum við um mig", "á sjaldan við um mig", "á nær aldrei við um mig".	
Hlutfall barna sem líður illa í frímínútum	R&G	14 til 16 ára	Hlutfall barna sem líður illa í frímínútum skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "á nær alltaf við um mig", "á oft við um mig" og "á stundum við um mig" spurningunni "mér líður illa í frímínútum" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna svar barna í 8., 9. og 10. bekk. Niðurstöður voru teknar saman fyrir mælaborð þar sem gögn voru ekki gerð aðgengileg í skýrslu. Svarmöguleikar voru "á nær alltaf við um mig", "á oft við um mig", "á stundum við um mig", "á sjaldan við um mig", "á nær aldrei við um mig".	0
Hlutfall barna sem dvelur 8,5 klst eða lengur í leikskóla	Innanhúsgögn	1 til 5 ára	Hlutfall barna sem dvelur 8,5 klst eða lengur í leikskóla skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem dvelur 8,5 klst eða lengur í leikskólum í sveitarfélaginu (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem eru skráð í leikskóla í sveitarfélaginu (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Menntasvið Kópavogs heldur utanum upplýsingar um dvalarstundir barna og fjölda þeirra í leikskólum.	0
Vinnuaðstaða				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem eru ánægð með húsnæði og aðstöðu leikskólans	Skólavogin	1 til 6 ára	Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem eru ánægð með húsnæði og aðstöðu leikskólans skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "mjög ánægður" og "frekar ánægður" spurningunni "Hve ánægð(ur) ertu með eftirfarandi í leikskólanum?: Húsnæði og aðstöðu." (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í foreldrakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hvort foreldrar séu ánægðir með húsnæði og aðstöðu barna sinna í leikskóla. Svarmöguleikar voru „mjög ánægður“, „frekar ánægður“, „frekar óánægður“ og „mjög óánægður“.	100
Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem finnst námsumhverfi leikskólans öruggt	Skólavogin	1 til 6 ára	Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem finnst námsumhverfi leikskólans öruggt skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "mjög sammála" og "frekar sammála" spurningunni "Námsumhverfi barnsins míns úti og inni er öruggt" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í foreldrakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hversu öruggt foreldrar telja námsumhverfi barnanna sinna. Svarmöguleikar voru „mjög sammála“, „frekar sammála“, „frekar ósammála“ og „mjög ósammála“.	100
Hlutfall barna sem telja oft eða alltaf hávaða og óróleika vera í kennslustund	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem telja oft eða alltaf hávaða og óróleika vera í kennslustund skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "í flestum tímum" og "í öllum tímum" spurningunni "Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér? - Það er hávaði og óróleiki." (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinnar má finna svar barna í 6. til 10. bekk við því hversu oft það gerist í kennslustundum að það er hávaði og óróleiki. Svarmöguleikar voru „aldrei eða næstum aldrei“, „í sumum tímum“, „í flestum tímum“ og „í öllum tímum“.	0



Jafnræði				
Fjárhagsþróng				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Ráðstöfunartekjur barna (0-18) sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fólks á vinnualdri (25-67 ára)	Hagstofa Íslands	0 til 18 ára	Hlutfallið á milli jafngilda ráðstöfunartekna barna og fólks á vinnualdri er fengið með því að deila jafngildum ráðstöfunartekjum barna (teljari) með jafngildum ráðstöfunartekjum fólks á vinnualdri (25-67 ára)(nefnari). Niðurstaðan er margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Jafngildar ráðstöfunartekjur eru fengnar með því að taka heildartekjur fjölskyldna og draga frá þeim skatta og iðgjöld í lífeyrissjóði. Því næst er tekjunum deilt á fjölskyldumeðlimi þannig að fyrsti einstaklingur á heimili 14 ára og eldri fær gildið 1, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá gildið 0,5 og öll börn yngri en 14 ára fá gildið 0,3 (OECD modified equivalence scale). Notast er við miðgildið þar sem tekjudreifingar eru skekktar upp á við sem veldur því að meðaltöl gefa skekka mynd af miðsækni dreifingarinnar.	100
Hlutfall barna sem getur ekki stundað þá tómskundastarfsemi sem það helst vill þar sem foreldrar þeirra hafa ekki efni á því	R&G	14 til 16 ára	Hlutfall barna sem getur ekki stundað þá tómskundastarfsemi sem það helst vill þar sem foreldrar þeirra hafa ekki efni á því skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "Stundum", "Oft" og "Nær alltaf" spurningunni "Foreldrar þínir hafa ekki ráð á þeirri tómskundastarfsemi sem þú vilt helst stunda" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna svar barna í 8., 9. og 10. bekk. Niðurstöður voru teknar saman fyrir mælaborð þar sem gögn voru ekki gerð aðgengileg í skýrslu. Svarmöguleikar voru "Nær aldrei", "Sjaldan", "Stundum", "Oft" og "Nær alltaf".	0
Hlutfall barna undir lágtekjumörkum sveitarfélagsins	Hagstofa Íslands	0 til 18 ára	Hlutfall barna undir lágtekjumörkum sveitarfélagsins er reiknað með því að deila fjölda barna í sveitarfélaginu með jafngildar ráðstöfunartekjur undir lágtekjumörkum (teljari) með fjölda barna í Kópavogi það ár (nefnari). Niðurstaðan er margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Lágtekjuhluftfall er fengið með því að skilgreina lágtekjumörk. Lágtekjumörk eru skilgreind út frá hlutfalli af miðgildi jafngilda ráðstöfunartekna (hér 60% af miðgildi) allra íbúa Kópavogsbæjar. Jafngildar ráðstöfunartekjur eru fengnar með því að taka heildartekjur fjölskyldna og draga frá þeim skatta og iðgjöld í lífeyrissjóði. Því næst er tekjunum deilt á fjölskyldumeðlimi þannig að fyrsti einstaklingur á heimili 14 ára og eldri fær gildið 1, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá gildið 0,5 og öll börn yngri en 14 ára fá gildið 0,3 (OECD modified equivalence scale). Notast er við miðgildið þar sem tekjudreifingar eru skekktar upp á við sem veldur því að meðaltöl gefa skekka mynd af miðsækni dreifingarinnar.	0
Viðvarandi lágartekjur. Hlutfall barna undir efri lágtekjumörkum	Hagstofa Íslands	0 til 18 ára	Hlutfall barna undir efri lágtekjumörkum (70% af miðgildi jafngilda ráðstöfunartekna) þrjú af fimm árum skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem eru með jafngildar ráðstöfunartekjur undir sem nemur 70% af miðgildi ráðstöfunartekna í a.m.k. þrjú af fimm árum (á tilteknu ári og fjögur ár á undan) (teljari)	0



(70% af miðgildi jafngilda ráðstöfunartekna) þrjú af fimm árum.			deilt með heildarfjölda allra barna í sveitarfélaginu á tilteknu ári (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Gögn fengin úr skattagrunnskrá Hagstofu Íslands og Þjóðskrá.	
Hlutfall barna sem búa á heimili sem hefur orðið fyrir atvinnuleysi á undangengnum 12 mánuðum	Hagstofa Íslands	0 til 18 ára	Hlutfall barna sem búa á heimili sem hefur orðið fyrir atvinnuleysi á undangengnum 12 mánuðum skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem tilheyra fjölskyldu sem býr í sveitarfélaginu þar sem einn eða fleiri fjölskyldumeðlimur hefur þegið atvinnuleysisbætur á árinu (teljari) deilt með heildarfjölda barna í sveitarfélaginu (nefnari). Niðurstaðan er margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Upplýsingar fengnar úr skattagrunnskrá Hagstofu Íslands og Þjóðskrá.	0
Hlutfall barna sem búa á heimili sem fær fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins	Innanhúsgögn	0 til 18 ára	Hlutfall barna sem býr á heimili sem fær fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem býr á heimili sem fær fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem búa í Kópavogi (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Velferðarsvið Kópavogs heldur utanum um heildarfjölda barna á heimilum sem fá fjárhagsaðstoð. Heildarfjöldi barna sem búsett eru í Kópavogi má nálgast hjá Hagstofu Íslands.	0
Félagslegt jafnræði				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall barna sem búsett eru í félagslegum leiguíbúðum	Innanhúsgögn	0 til 18 ára	Hlutfall barna sem býr í félagslegu húsnæði sveitarfélagsins skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem býr í félagslegu húsnæði sveitarfélagsins (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem búa í sveitarfélaginu (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Velferðarsvið Kópavogs birtir upplýsingar um fjölda barna sem búa í félagslegu húsnæði í ársskýrslu. Upplýsingar um heildarfjölda barna sem búa í sveitarfélaginu má finna hjá Hagstofu Íslands.	0
Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem hafa óskað eftir sérfræðiþjónustu fyrir börnin sín en ekki fengið/eru á biðlista	Skólavogin	1 til 6 ára	Hlutfall foreldra barna sem hafa óskað eftir sérfræðiþjónustu fyrir börnin sín en ekki fengið/eru á biðlista skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "Já, en ekki fengið slíka þjónustu/er á biðlista" spurningunni "Hefur þú óskað eftir sérfræðiþjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári?" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni með því að haka við "Já og fengið slíka þjónustu" og "Já, en ekki fengið slíka þjónustu/er á biðlista" (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í foreldrakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hvort börn hafi fengið sérfræðiþjónustu eftir að hennar var óskað. Svarmöguleikar voru "Já og fengið slíka þjónustu", "Já, en ekki fengið slíka þjónustu/er á biðlista" og "Nei".	0
Hlutfall barna á biðlista eftir sérkennslu eða sérstökum	Skólavogin	1 til 6 ára	Hlutfall barna á biðlista eftir sérkennslu eða sérstökum stuðningi í leikskólanum skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "Er á biðlista" spurningunni "Hefur barnið fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu?" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni með því að haka við "Já" og "Er á biðlista" (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem	0



stuðningi í leikskólanum			prósenta. Í foreldrakönnun Skólavogaráttarinnar má finna svar við því hvort börn hafi fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning í leikskólanum. Svarmöguleikar voru "Já", "Er á biðlista" og "Nei".	
Hlutfall foreldra sem telur börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt	Skólavogin	1 til 6 ára	Hlutfall foreldra sem telur börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "Mjög sammála" og "Frekar sammála" spurningunni "Að hve miklu leyti ertu sammála eða ósammála eftirfarandi staðhæfingum um leikskólann? Börnum af ólíkum uppruna og menningu er mætt á sanngjarnan hátt" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í foreldrakönnun Skólavogaráttarinnar má finna svar við því hvort foreldrar telji börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt í leikskólanum. Svarmöguleikar voru "Mjög sammála", "Frekar sammála", "Frekar ósammála" og "Mjög ósammála".	100
Hlutfall barna sem njóta félagslegrar liðveislu	Innanhúsgögn	6 til 18 ára	Hlutfall barna sem nýtur félagslegrar liðveislu skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem fær félagslega liðveislu (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem hafa sótt um að fá félagslega liðveislu (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Velferðarsvið Kópavogs birtir í ársskýrslu sinni fjölda barna sem fá félagslega liðveislu. Velferðarsvið Kópavogs heldur einnig utan um heildarfjölda barna sem sækja um félagslega liðveislu. Heildarfjöldi barna sem sækir um er reiknaður með því að leggja saman þá sem hafa nú þegar félagslega liðveislu við þá sem eru á biðlista. Biðlistinn er athugaður einu sinni á ári, þann 15. september. Ástæðan fyrir því að fjöldi barna á biðlista er athugaður 15. september er vegna þess að það er sá tími þegar biðlistinn er sem lengstur og heildarfjöldinn því sanngjarn mæling á raunverulegri þörf á félagslegri liðveislu.	100



Heilsa og vellíðan				
Almenn vellíðan				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall barna sem sefur 7 klst eða minna á nóttu	R&G	16 ára	Hlutfall barna sem sefur 7 klst eða minna á nóttu skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "um 7 klst.", "um 6 klst." og "minna en 6 klst." spurningunni "hvað sefur þú að meðaltali margar klukkustundir á nóttu" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna spurningu um hversu lengi börn sofa að jafnaði á nóttu í 8., 9. og 10. bekk. Prósentuhlutfall svara er gefið fyrir 10. bekk. Svarmöguleikar eru "meira en 9 klst", "um 9 klst", "um 8 klst", "um 7 klst", "um 6 klst" og "minna en 6 klst".	0
Hlutfall barna sem eru oft stressuð	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem eru oft stressuð skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "oft" og "mjög oft eða allan daginn" spurningunni "Hugsaðu um hvað þú gerðir og upplifðir í gær. Merktu síðan við hve mikið þú upplifðir hverja af eftirfarandi tilfinningum. Stress eða kvíða." (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hvað börn í 6. til 10. bekk gerðu og upplifðu í gær. Svarmöguleikar voru "mjög sjaldan eða aldrei", "sjaldan", "stundum", "oft", "mjög oft eða allan daginn".	0
Hlutfall barna sem eru oft áhyggjufull	Skólavogin	11 til 16 ára	Hlutfall barna sem eru oft áhyggjufull skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "oft" og "mjög oft eða allan daginn" spurningunni "(teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni "Hugsaðu um hvað þú gerðir og upplifðir í gær. Merktu síðan við hve mikið þú upplifðir hverja af eftirfarandi tilfinningum. Áhyggjur." (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í nemendakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hvað börn í 6. til 10. bekk gerðu og upplifðu í gær. Svarmöguleikar voru "mjög sjaldan eða aldrei", "sjaldan", "stundum", "oft", "mjög oft eða allan daginn".	0
Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem telja barnið sitt almennt líka vel í hópastarfi	Skólavogin	1 til 6 ára	Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem telja barnið sitt almennt líka vel í hópastarfi skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "mjög sammála" og "frekar sammála" spurningunni "barninu mínu líkar almennt vel í hópastarfi" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í foreldrakönnun Skólavogarinnar má finna svar við því hversu vel foreldrar telja að barninu líði almennt í hópastarfi í leikskólanum. Spurt var að hve miklu leyti foreldrar voru sammála eða ósammála fullyrðingunni. Svarmöguleikar voru "mjög sammála", "frekar sammála", "frekar ósammála" og "mjög ósammála".	100
Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem telja barnið sitt fá hollt fæði í leikskólanum	Skólavogin	0 til 6 ára	Hlutfall foreldra barna í leikskóla sem telja barnið sitt fá hollt fæði í leikskólanum skal reiknað sem heildarfjöldi foreldra sem svara "mjög sammála" og "frekar sammála" spurningunni "Barnið mitt fær hollan og góðan mat í leikskólanum" (teljari) deilt með heildarfjölda foreldra sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í foreldrakönnun	100



			Skólavogarinna má finna svar við því hvort börn í leikskóla fái þar hollan og góðan mat. Svarmöguleikar voru "mjög sammála", "frekar sammála", "frekar ósammála" og "mjög ósammála".	
Hlutfall barna sem er bjartsýnt á framtíðina	R&G	13 til 16 ára	Hlutfall barna sem er bjartsýnt á framtíðina skal reiknað sem heildarfjöldi barna sem svara "oft" og "alltaf" spurningunni "Síðastliðnar tvær vikur: Ég hef litið bjartsýnum augum til framtíðarinnar" (teljari) deilt með heildarfjölda barna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna staðhæfingu sem börn í 8., 9. og 10. bekk eru látin meta. Svarmöguleikar voru "aldrei", "sjaldan", "stundum", "oft", "alltaf".	100
Geðheilbrigði				
Vísir	Gagnaveita	Aldurshópur	Úrvinnsla gagna	Besta gildi
Hlutfall stráka með kvíðaeinkenni	R&G	14 til 16 ára	Í lýðheilsukönnun R&G má finna prósentuhlutfall stelpna og stráka sem skora hæst á kvíðakvarðanum. Kvíðakvarði R&G er með lægsta gildi 0 og hæsta 9. Því hærra sem gildið er því meiri kvíðaeinkenni. Spurningar er mæla kvíða: Taugaóstyrk; Skyndilega hræðslu án nokkurrar ástæðu; Þú varst uppspennt/ur. Mælt er hlutfall þeirra sem skora hæst á kvíðakvarðanum.	0
Hlutfall stúlkna með kvíðaeinkenni	R&G	14 til 16 ára	Í lýðheilsukönnun R&G má finna prósentuhlutfall stelpna og stráka sem skora hæst á kvíðakvarðanum. Kvíðakvarði R&G er með lægsta gildi 0 og hæsta 9. Því hærra sem gildið er því meiri kvíðaeinkenni. Spurningar er mæla kvíða: Taugaóstyrk; Skyndilega hræðslu án nokkurrar ástæðu; Þú varst uppspennt/ur. Mælt er hlutfall þeirra sem skora hæst á kvíðakvarðanum.	0
Hlutfall stráka með þunglyndiseinkenni	R&G	14 til 16 ára	Í lýðheilsukönnun R&G má finna prósentuhlutfall stelpna og stráka sem skora hæst á þunglyndiskvarðanum. Þunglyndiskvarði R&G er með lægsta gildi 0 og hæsta 27. Því hærra sem gildið er því meiri þunglyndiseinkenni. Spurningar er mæla þunglyndi: Þú varst leið(ur) eða hafðir lítinn áhuga á að gera hluti, þú hafðir litla matarlyst, Þér fannst þú einmana, þú grést auðveldlega eða langaði að gráta, þú áttir erfitt með að sofna eða halda þér sofandi, þú varst niðurdregin(n) eða dapur/döpur, þú varst ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkurn hlut, þér fannst þú vera hægfara eða hafa lítinn mátt, þér fannst framtíðin vonlaus. Mælt er hlutfall þeirra sem skora hæst á þunglyndiskvarðanum.	0
Hlutfall stúlkna með þunglyndiseinkenni	R&G	14 til 16 ára	Í lýðheilsukönnun R&G má finna prósentuhlutfall stelpna og stráka sem skora hæst á þunglyndiskvarðanum. Þunglyndiskvarði R&G er með lægsta gildi 0 og hæsta 27. Því hærra sem gildið er því meiri þunglyndiseinkenni. Spurningar er mæla þunglyndi: Þú varst leið(ur) eða hafðir lítinn áhuga á að gera hluti, þú hafðir litla matarlyst, Þér fannst þú einmana, þú grést auðveldlega eða langaði að gráta, þú áttir erfitt með að sofna eða halda þér sofandi, þú varst niðurdregin(n) eða dapur/döpur, þú varst ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkurn hlut, þér fannst þú vera hægfara eða hafa lítinn mátt, þér fannst framtíðin vonlaus. Mælt er hlutfall þeirra sem skora hæst á þunglyndiskvarðanum.	0
Hlutfall stúlkna sem hafa hugleitt að skaða sjálfan sig	R&G	14 til 16 ára	Hlutfall stúlkna sem hafa hugleitt að skaða sjálfan sig skal reiknað sem heildarfjöldi stúlkna sem svara "einu sinni", "tvisvar sinnum", "3-4 sinnum" og "5 sinnum eða oftar" spurningunni "Hefur þú um ævina: Hugleitt að skaða sjálfa(n) þig" (teljari) deilt með heildarfjölda stúlkna sem svara spurningunni (nefnari). Niðurstaðan skal margfölduð með 100 og sett fram sem prósentu. Í lýðheilsukönnun R&G má finna svar barna í 8., 9. og 10. bekk. Niðurstöður voru teknar saman fyrir mælaborð þar sem gögn voru	0



			ekki gerð aðgengileg í skýrslu. Svarmöguleikar voru "aldrei", "einu sinni", "tvisvar sinnum", "3-4 sinnum" og "5 sinnum eða oftár".	
